

Stofnfundur Fálkaseturs Íslands

fundargerð

Stofnfundur Fálkaseturs Íslands var haldinn þriðjudaginn 1. mars 2011 og hófst hann kl. 20:00. Fundurinn var haldinn í Gljúfrastofu á Norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

Dagskrá:

1. Setning, kosning fundarstjóra og ritara.
2. Kynning á hugmyndum um félagið og aðdraganda
3. Fyrirlestur um fálkann
4. Samþykktir félagsins
5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.

1. Setning, kosning fundarstjórna og ritara

Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði fram tillögu um að Katrín Eymundsdóttir yrði fundarstjóri og Aðalsteinn Örn Snæþórsson yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt.

2. Kynning á hugmyndum um félagið og aðdraganda

Hjörleifur Finnsson rakti hugmyndir að Fálkasetri Íslands. Hann sagði að hugmyndin hafi upphaflega orðið til árið 2009 þegar starfsmenn þjóðgarðsins þurftu að hafa ítrekað afskipti af fálkaungum í Ásbyrgi sem héldu sársoltir til við vegginn í Ásbyrgi eftir að annað foreldrið dó. Í Gljúfrastofu er ónýtt rými sem myndi henta ágætlega undir fálkasetur auk þess sem sjá má fyrir sér samnýtingu starfsmanna í framtíðinni milli Gljúfrastofu og Fálkaseturs. Þá er þéttleiki fálka óvída jafn mikill og í Jökulsárgljúfrum en Þingeyjarsýslur eru höfuðvígi fálkans á Íslandi. Í kjölfar þessara hugmynda var haft var samband við Náttúrufræðistofnun Íslands, Fuglastíginn, Náttúrustofu Norðausturlands og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og var hugmyndunum tekið vel á öllum stöðum. Myndaður var vinnuhópur sem í voru Hjörleifur Finnsson, Ari Páll Pálsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. Sú hugmynd kom upp í nefndinni að tengja Fálkasetrið minningu Theódórs Gunnlaugssonar frá Bjarmalandi. Theódór var náttúruunnandi sem ólst upp og bjó alla sína tíð við Jökulsárgljúfur. Eftir hann liggur mikið af rituðu efni um náttúru svæðisins, þar á meðal fálkann og rjúpunu. Smám saman komst því heildarmynd á hugmyndina um Fálkasetur Íslands og má segja að hún byggi á fjórum þáttum:

- Að nýta einstakar aðstæður í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum til að fræða almenning um íslenska fálkann, lifnaðarhætti og tengsl hans við aðrar tegundir og þá sérstaklega rjúpunu.
- Að auka framboð á náttúrutengdri afþreyingu og koma til móts við vaxandi áhuga ferðamanna á fuglaskoðun.
- Að halda nafni Theódórs Gunnlaugssonar á lofti og framlagi hans til aukinnar þekkingar almennings á náttúru landsins.
- Að stuðla að verndun íslenska fálkastofnsins með aukinni fræðslu og miðlun vísindalegrar þekkingar á tegundinni.

Gert er ráð fyrir að Fálkasetrið verði fjármagnað með styrkjum og að allir áhugasamir um verkefnið geti orðið félagar.

3. Stofnvistfræði fálkans á Íslandi

Ólafur Karl Nielsen flutti mjög fróðlegt erindi um stofnvistfræði fálkans á Íslandi.

4. Samþykktir félagsins

Ari Páll Pálsson kynnti drög að samþykktum félagsins. Farið var yfir þau lið fyrir lið á fundinum, einstök atriði rædd og lagfærð uns allir voru sáttir. Voru samþykktirnar þá komnar í það form sem hér segir:

1.gr.

Nafn félagsins er Fálkasetur Íslands.

2. gr.

Heimili félagsins er í Gljúfrastofu, Ásbyrgi, 671 Kópasker og varnarþing Kelduhverfi, Norðurþingi.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að vera samstarfsvettvangur stofnana, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga um uppbyggingu og rekstur Fálkaseturs í Gljúfrastofu, sem miðlar vísindalegri þekkingu á fálka- og rjúpnastofninum til almennings, með það fyrir augum að þekking og virðing á fálkanum, rjúpunni og umhverfi þeirra aukist. Fálkasetrið stuðli að aukinni fuglaskoðun, skapi atvinnu og hafi jákvæð efnahagsleg áhrif á samfélagið.

4.gr.

Aðilar að félaginu geta orðið allir þeir sem með virkum hætti tengjast rannsóknnum, verndun eða fuglaskoðun á fálkum eða rjúpum í gegnum starf eða áhugamál. Verkefnið er unnið í samvinnu við m.a. Vatnajökulspjóðgarð, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Náttúrfræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Norðausturlands.

Umsókn um félagsaðild skal vera skrifleg til stjórnar.

5. gr.

Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi og skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Tilnefna Vatnajökulspjóðgarður og Náttúrustofa Norðausturlands einn stjórnarmann hvor um sig. Skal annar þeirra gegna starfi formanns og hinn varaformanns og skal úr því skorið á aðalfundi, að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Aðalfundur kýs þrjá stjórnarmenn og tvo varamenn. Þriðja varamanninn tilnefnir Náttúrufræðisstofnun Íslands. Formaður boðar stjórnarfundi þegar þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Varamenn skulu boðaðir á alla fundi og hafa málfrelsi og tillögurétt.

Firmaritun félagsins er í höndum meirihluta stjórnar. Daglega umsjón félagsins, innheimtur og greiðslur annast starfsmaður félagsins en stjórn ef enginn starfsmaður er.

6. gr.

Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga.

7.gr.

Reiknings- og starfsár félagsins er almanaksárið. Leggja skal ársreikning félagsins fyrir aðalfund ár hvert.

8. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok mars ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara. Hann er einungis opinn félagsmönnum. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Þá skal einnig liggja fyrir fjárhagsáætlun starfsársins.

Haldinn skal fundur á hausti þar sem lögð verða drög að verkefnum komandi árs.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða ef fjórðungur félagsmanna krefst þess. Til félagsfunda skal boðað með minnst viku fyrirvara. Hver félagi fer með eitt atkvæði á fundum.

9. gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögum að lagabreytingum skal skila 10 dögum fyrir aðalfund til stjórnar og skal í fundarboði geta þess ef lagabreytingatillaga hefur komið fram.

Hljóti lagabreytingatillaga samþykki 2/3 hluta fundarmanna telst hún samþykkt.

10. gr.

Fjármögnun félagsins er í formi styrkja sem félagið aflar sér til rekstrar hvert rekstrarárs fyrir sig eða til einstakra verkefna. Jafnframt því munu félagsmenn greiða árgjald sem ákveðið er á aðalfundi.

11. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins ár hvert skal varið til verkefna í þágu félagsins í samræmi við tilgang þess skv. ákvörðun félagsfundar.

12. gr.

Ákvörðun um slit félags verður aðeins tekin á aðalfundi með 2/3 meirihluta og skal aðalfundur einnig ákveða ráðstöfun eigna sem skulu renna til almannaheilla og verkefna í samræmi við tilgang félagsins.

Þessar samþykktir voru samþykktar samhljóða.

5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.

Tillaga að stjórn lá fyrir fundinum og var hún sem hér segir:

Fulltrúi VÞ: Hjörleifur Finnsson, formaður
Fulltrúi NNA: Aðalsteinn Örn Snæþórsson, varaformaður
Guðlaugur Benedikt Aðalsteinsson
Halldór Valdimarsson
Sverrir Thorstensen

Engar aðrar tillögur komu fram og því var þessi stjórn sjálfkjörin. Tillaga um varastjórn lá líka fyrir og var hún þessi:

Fulltrúi NÍ: Ólafur Karl Nielsen
Sólveig Sigurðardóttir
Ari Páll Pálsson

Engar aðrar tillögur að varastjórn komu fram og því var þessi varastjórn sjálfkjörin.

Tillaga kom fram um skoðunarmenn reikninga og var hún sem hér segir:

Helga Árnadóttir
Katrín Eymundsdóttir

Engar aðrar tillögur komu fram og því voru þessir skoðunarmenn sjálfkjörnir.

Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin formlega fyrir en miklar og fjörugar umræður voru í fundarlok.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 22:35